

# Frumvarp til laga

um

## hagstofu Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

### 1. gr.

Það skal falið sjerstakri stofnun að safna skýrslum um helstu landshagi Íslands, vinna úr þeim og koma þeim fyrir almennings sjónir. Stofnunin nefnist hagstofa Íslands, og stendur beint undir ráðherraum.

### 2. gr.

Meginatriði landshagsins, þau er hagstofunni ber sjerstaklega að afla sannfróðleiks um, teljast þau er nú skal greina:

1. Fólksfjöldinn: a, manntöl, b, fæðingar, hjónabönd, mannslát og fólksflutningar.
2. Löghlýðni: dómsmál, þar með einkamál, sáttanefndarmál, sakamál og lög-reglumál.
3. Atvinnuhagur landsins: a, landbúnaður, b, iðnaður, c, fiskiveiðar allskonar, d, siglingar og verslun, þar með viðskifti banka og sparisjóða og annara opinberra lánsstofnana.
4. Stjórn málaástand: a, fjárhagur landsins, sýslufjelaga og sveitarfjelaga, b, notkun kosningarjettar til alþingis.
5. Efnahagur og fjárhagsleg kjör landsmanna; a, tekjur af eign og atvinnu, b, virðingarverð jarðeigna og þinglesnar veðskuldir á þeim, c, virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim, d, verð skipa og báta og veðskuldir á þeim.
6. Opinberar eignir til almenningsnytja, a, vegir og brýr, b, ritsímar og talsímar, c, pósthutningar.

Auk skýrslna um framangreind atriði vinnur hagstofan að skýrslum, er hjer eftir kunna að verða lögboðnar eða fyrirskipaðar af landsstjórninni, eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld.

### 3. gr.

Hagstofan á að aðstoða landsstjórnina með hagfræðis útreikningum og skýringum, er hún óskar eftir, og gefa henni álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað.

Landshagsskýrslur skulu koma út svo fljótt sem unt er, jafnóðum og þær eru tilbúnar frá hendi hagstofunnar.

Árlega skal gefa út stuttan útdrátt úr helstu landshagsskýrslum síðasta árs, með þýðingum á eitt hvert hinna þriggja aðal-mentamála.

4. gr.

Öll þau störf viðvikjandi söfnun og móttöku landshagsskýrslna, sem samkvæmt gildandi lögum, reglugjörðum o. fl. nú hvíla á stjórnarráði Íslands, hefir hagstofan á hendi eftirleiðis.

Heimilt er hagstofunni að fyrirskipa, að skýrslur, sem hingað til hafa verið sendar frá hreppstjórnarvöldum eða einstökum mönnum til sýslumanns, sjeu sendar beint til hagsstofunnar, og getur hún endursent til leiðrjettingar skýrslur, er henni þykja ófullnægjandi, heimtað frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, sem lög greina um vanrækslu í því, að inna af hendi lögmælt skýrsluskil.

5. gr.

Hagstofunni stýrir forstjóri, skipaður af konungi, og hefir hann sjer við hönd 1 aðstoðarmann, sem skipaður er af ráðherra.

Forstjóri hagstofunnar hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. er hækka um 200 kr. þriðja hvert ár upp í 4200 kr.

Aðstoðarmaður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., er hækka um 200 kr. þriðja hvert ár, upp í 3000 kr.

6. gr.

Til stofnsetningar hagstofunnar veitast alt að 3000 kr. af landssjóði.

Árskostnaður til húsaleigu, ljóss og ræstingar svo og til aukavinnu, prentunarkostnaðar og venjulegs skrifstofukostnaðar veitist á fjárlögum fyrir hvert ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með lögum 8. nóv. 1895 er landsstjórninni falið að annast um, að samdar sjeu árlega hagfræðisskýrslur um atvinnuvegi landsins. Þetta annaðist landshöfðingjaskrifstofan fram að 1904, en síðan stjórnarráðið var stofnað hjer í Reykjavík hefir 3. skrifstofa stjórnarráðsins annast það. Skrifstofan eða starfskraftar hennar hafa þó að miklu leyti verið uppteknir við reikningsmál og endurskoðun. Þetta starf hefir aukist mjög mikið hin síðari árin við hinar stórlega vaxandi framkvæmdir í stjórn landsins, og það hefir að sjálfsgöðu orðið að sitja í fyrirrúmi, en öll vinna að landshagsskýrslunum hefir orðið að sitja á hakan-

um. Að þeim hafa aftur ýmsir unnið, sem í það og það skiftið hafa fengist; þetta hefði getað gengið með nægilegu eftirliti og umsjón, en skrifstofan hefir ekki vegna annara anna haft nægilegan tíma til þess, enda líka vantað húsrúm í stjórnarráðinu til að láta aukavinnu fara þar fram.

Afleiðingin hefir, svo sem við mátti búast orðið sú, að skýrslurnar hafa ekki orðið eins rjettar og skyldi, þær hafa á stundum verið óþarflega langar, en þar á móti ekki þannig unnar, að auðhlaupið hafi verið að því að fylgjast með í hinum árlegu breytingum í atvinnulífi og hag þjóðarinnar, og útkoma þeirra hefir oft dregist um of. Að þessu hefir verið fundið hin síðari árin, og er stjórnarráðinu fullljóst, að þær aðflnslur hafa átt við rök að styðjast. Á alþingi 1909 var samþykkt þingsályktun um, að stjórnarráðið skyldi að öllu leyti taka mann talið 1910 og láta vinna úr því þann hagfræðislegan fróðleik, sem þörf er á. Verður að telja sjálfsgagt að frá þessari stefnu verði ekki horfið aftur, en við þetta hefir starfið að hagfræðisskýrslum aukist mjög og verður að telja líklegt, að eftirleiðis vekist upp ný og ný verkefni, og nýjar kröfur verði gerðar til hagskýrslna landsins.

Það þarf væntanlega ekki að eyða orðum að því, að lýsa hver nauðsyn er á samningu og útgáfu hagskýrslna fyrir landið. Eins og það er nauðsynlegt fyrir hvern mann, er atvinnu rekur, eða nokkuð hefir umleikis, að hafa stöðugt ljóst yfirlit yfir atvinnu sína og gera upp hag sinn árlega, eins er það ekki síður nauðsynlegt fyrir hvert land, að hafa glögt yfirlit yfir þjóðarbúskapinn og ástand landsins. Þetta er nauðsynlegt fyrst og fremst inn á við, sem stuðningur og leiðbeining við löggjafarstarfið og fyrir landsstjórnina og fyrir fjölda af einstaklingum þjóðfjelagsins, og þar næst einnig út á við, því á hagskýrslum hvers lands byggist fyrst og fremst lánstraust landsins, og álit þess í augum erlendra manna.

Til þess að koma hagskýrslum landsins, í viðunanlegt horf, verður stjórnin að telja nauðsynlegt, að hætt sje að hafa þetta starf í hjáverkum, það sje falið sjerstakri stofnun, sem hafi það sem aðalstarf sitt og beri ábyrgð á framkvæmd þess.

Í önnari grein frumvarps þessa eru talin þau aðalverkefni er hagstofan á að hafa með höndum, en auk þess er í niðurlagi greinarinnar alment ákvæði um, að hagstofan vinni að skýrslum er hjer eftir verða lögboðnar, fyrirskipaðar af landsstjórninni eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld. Er meðal annars haft í huga að hagstofan búi út hentug eyðublöð og leiðbeiningar um samning búreikninga, útvegi frá einstökum bændum, eftækifæri gefst, nægar upplýsingar til að geta gert nákvæman búreikning í eitt skifti fyrir það sjerstaka bú o. fl.

Þá er í 3. grein frumvarpsins ákveðið að hagstofan skuli aðstoða landsstjórnina með hagfræðilegum útreikningum og skýringum og gefa álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað. Þar er og það nýmæli sett, að hagstofan skuli, auk hinna venjulegu landshagsskýrslna, gefa út ár hvert stuttan útdrátt úr helstu landshagsskýrslum síðasta árs. Þessi útdráttur á að vera með þýðingu á eitt-hvert hinna þriggja aðal-mentamála.

Útgáfa slíkrar árbókar er hin besta leiðbeining handa erlendum mönnum, er vilja kynna sjer hagi og ástæður landsins.

Á hagsstofunni verður að hafa 2 fasta menn, sem báðir verða að hafa sjermentun í hagfræði, og auk þess þarf nokkurt fje til aukavinnu, sem verður að veitast árlega á fjárlögunum. -- Þar sem hjer er um nýja stofnun að ræða, sem sennilega verður skipuð ungum mönnum, virðist haganlegast að laun hinna föstu starfsmanna sjeu lág í byrjun, en fari hækkandi. Telur stjórnin hæfilegt að laun forstöðumannsins, sem sje skipaður af konungi, sjeu 3000 kr. að byrjunarlaunum en hækki með 200 kr. á hverjum 3. ára fresti upp í 4200 kr. Laun aðstoðarmannsins 2000 kr. í byrjun, en hækki með 200 kr. þriðja hvert ár uppi 3000 kr.

Til stofnsetningar hagsstofunnar þarf að veita 3000 kr. Sundurliðast þessi upphæð þannig:

1. Reikningsvjel .....	Kr. 1500,00
2. Skrifvjel.....	— 400,00
3. Skrifstofugögn (stólar borð, skjalaskápar o. fl.) ...	— 1100,00

Auk þess verður að veita árlegt fje til húsaleigu, ljóss, ræstinga, svo og til aukavinnu og prentunarkostnaðar.

Að endingu má taka það fram, að þótt samningi hagsskýrslna verði komið fyrir á þann hátt, sem lagt er til í frumvarpi þessu, verða laun forstjórans og kostnaður við húsnæði aðalútgjöldin við hagstofuna fram yfir það, sem nú er varið til landshags skýrslna, því við það að þessi störf eru leyst frá stjórnarráðinu sparast væntanlega að bæta við að minsta kosti einum aðstoðarmanni, um fram það sem nú er á 3. skrifstofu stjórnarráðsins, sem ella mundi óhjákvæmilegt.

Svo gæti og komið til mála að hætta að senda öllum landshagsskýrslur með stjórnartíðindunum en láta nægja að senda árbók hagstofunnar. Væri horfið að því mætti minka upplagið, en þá væri sjálfsagt að hafa ritin til sölu einhversstaðar. Sumar skýrslur, sem gefnar eru út árlega, mætti að skaðlausu gefa út í styttra formi 4 ár í röð, en gefa þær út í fyllra formi 5. árið. Undirbúningurinn yrði hinn sami en prentun og pappír minni. Með þess háttar sparnaði mætti vega upp á móti kostnaði við útgáfu árbókarinnar. Auðvitað eru þess háttar breytingar mest undir hagstofunni sjálfri komnar á aðra hliðina, og samþykki stjórnarráðsins á hina.

---